

## 7. gr.

5

Ávallt skal aðgreina afltatan fisk frá útúrflöttum ( $\frac{3}{4}$  flöttum), og þá 17. febr. pakka sér, hvert heldur fiskurinn er labra-verkaður, þveginn og pressaður eða óverkaður.

## 8. gr.

Skilgreiningin „libro“ sem áður hefir tíðkapt á matsvottorðum, leggst niður.

## 9. gr.

Ef til Barcelona er sendur fiskur, sem að dómi matsmanna er óhæfur fyrir þann markað, skal bæta við á matsvottorðið þessari setningu: „Ekki metinn fyrir Barcelona“ (Not selected for Barcelona).

## 10. gr.

Þegar beðið er um mat á fiski til útflutnings, eiga yfirmatsmenn heimtingu á að fá að vita um leið, til hvaða markaðsstaðar fiskurinn á að fara.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46, 8. september 1931 og öðlast þegar gildi. Undanskilin nýmælum hennar er þó sá verkaði fiskur, sem veiddur var árið 1931.

Þetta birtist hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. febrúar 1932.*

Tryggvi Þórhallsson.

\_\_\_\_\_  
Páll Pálmason.

## VIÐBÓTARREGLUGERÐ

6

17. febr.

um

gjaldeyrisverzlun.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 48, 4. júní 1924, sbr. og lög nr. 9, 27. maí 1925, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um gjaldeyrisverzlun til viðbótar reglugerð um gjaldeyrisverzlun 2. okt. 1931.

## 1. gr.

a) Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f taka ekki á móti innheimtum í erlendum gjaldeyri, nema þeir, sem innheimturnar eiga að greiða, hafi áður tryggt sér hjá bönkunum erlendan gjaldeyri til greiðslu á

6  
17. febr.

þeim, eða hið innheimta fé verði, með samþykki eigenda innheimtanna, lagt inn í lokaðan reikning í íslenskum krónum og sé það á valdi bankanna, hvenær þeir peningar verði greiddir erlendis.

Fé, sem geymt er í lokuðum reikningi, má ekki nota til greiðslna innanlands nema sérstaklega standi á og bankarnir veiti samþykki til þess.

Sömu reglur og um innheimtur gilda og um innborganir í reikninga útlendinga í bönkunum.

- b) Íslenzkir seðlar sendir frá útlöndum verða ekki innleystir né færðir mönnum til tekna í reikning hjá bönkunum, sbr. bann gegn útflutningi seðla í 2. gr. reglugerðar um gjaldeyrisverzlun 2. okt. 1931.
- c) Ávísanir á íslenzkan gjaldeyri sendar frá útlöndum, hvort heldur tékkar eða aðrar, verða ekki innleystar eða færðar mönnum til tekna, nema þær hafi áður verið stimplaðar af bönkunum með sérstökum stimpli, sem gefi til kynna, að þær verði innleystar.
- d) Allar kaupbeiðnir á erlendum gjaldeyri, hvort heldur ávísunum og þá sérstaklega símaávísunum, eða til greiðslu á innheimtum, skulu sendast bönkunum skriflega með nægum fyrirvara og ítarlegri greinargerð um það, til hvers hinn erlendi gjaldeyrir skuli notaður.
- e) Þeim erlenda gjaldeyri, sem bankarnir hafa til umráða, skal fyrst og fremst varið til greiðslu á óhjákvæmilegum nauðsynjum til framleiðslu og lífsviðurværis.
- f) Bankarnir ákveða sameiginlega hvaða gjaldeyrisbeiðnum skuli sinnt og hvenær þær skuli afgreiddar.

### 2. gr.

Útflytjendur íslenzkra afurða skulu gefa skrifstofu gengisnefndar skýrslu um allar vörur, sem þeir flytja út, í síðasta lagi um leið og skip þau, sem vörurnar eru fluttar með, leggja af stað til útlanda, eða þegar um ísfisk er að ræða, þegar hann er seldur. Í skýrslunum sé tilgreint söluverð varanna erlendis og hvernig og hvenær það greiðist, sé um fasta sölu eða umboðssölu með fyrirframgreiðslu að ræða.

Ef vörurnar eru fluttar út óseldar, skal verðið áætlað. Jafnóðum og þær vörur eru seldar og greiddar, skulu útflytjendur varanna tilkynna skrifstofu gengisnefndar söluverð þeirra.

Allt andvirði útfluttra vara skal afhenda bönkunum í erlendri mynt með skráðu kaupgengi, sbr. þó 4. gr. reglugerðar um gjaldeyrisverzlun 2. okt. 1931.

### 3. gr.

Það af andvirði hinna seldu afurða, sem útflytjendur þurfa að nota til eigin þarfa, samkvæmt 4. gr. reglugerðar um gjaldeyrisverzlun 2. okt. 1931, skal tilkynnt skrifstofu gengisnefndar hvar sé geymt, til hvers skuli notað og hvenær.

## 4. gr.

6

Skrifstofa gengisnefndar skal vera bönkunum til aðstoðar við allt, sem viðkemur framkvæmd gjaldeyrisverzlunarinnar. 17. febr.

## 5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari skal fara með samkvæmt 6. gr. reglugerðar um gjaldeyrisverzlun, 2. okt. 1931.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 17. febrúar 1932.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

*Gíslí Ísleifsson.*

## G J A L D S K R Á

7

um

19. febr.

**borgun fyrir aukaverk sóknarpresta.**

## 1. gr.

Aukaverk presta eru hin sömu, er tíðkast hafa samkvæmt fyrirmælum laga og venjum kirkjunnar.

## 2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum borgun eins og hér segir:

a. Fyrir skírn .....	kr. 5,00
b. Fyrir fermingu með undirbúningi .....	— 18,00
c. Fyrir hjónavígslu .....	— 12,00
d. Fyrir greftrun framliðinna (Líksöngseyrir) .....	— 8,00
e. Fyrir endurskoðun kirkjureiknings .....	— 2,00
f. Fyrir vottorð sem prestur gefur í embættisnafni. ....	— 1,00

Þó skulu lífsvottorð, er prestur gefur vegna meðlagsgreiðslu barna, fjárhagsvottorð fátækra manna, svo og vottorð samkvæmt beiðni sveitarstjórna, eða annara stjórnarvalda, veitt ókeypis.

## 3. gr.

Nú flytur prestur ræðu við jarðarför eða hjónavígslu, og ber honum þá sómasamleg borgun fyrir það, eftir ástæðum hlutaðeiganda, eins og tíðkast hefir.